



Forvirkar rannsóknarheimildir

Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra

Háskólanum á Bifröst, 24. september, 2008



Hvað eru forvirkar rannsóknarheimildir?

- Fara fram áður en brot er framið.
- Markmið að koma í veg fyrir brot.
- Beinast að atferli sem talið er ógna almenningi, öryggi ríkisins og sjálfstæði þess.
- Atferli þarf ekki að vera refsivert í sjálfu sér.



Lögreglurannsóknir

- Brot hefur verið framið.
- Brot upplýst.
- Lögð fram ákæra.
- Atferli refsivert.



Viðfangsefni forvirkra rannsókna

- Landráð, brot gegn stjórnskipan og æðstu stjórnvöldum.
- Hryðjuverk.
- Skipulögð brotastarfsemi.
- Brot gegn mannkyni, þjóðarmorð og stríðsglæpir.
- Njósnavarfsemi í þágu erlendra ríkja.
- Útbreiðsla gjöreyðingarvopna.
- Óheimil framleiðsla vopna og útflutningur þeirra.



Viðfangsefni forvirkra rannsókna frh.

- Brot gegn fyrimælum öryggisráðs SP.
- Hættumat á fyrrgreindum brotum.
- Samskipti við erlend yfirvöld og alþjóðastofnanir.
- Öryggisvottun vegna aðgangs að trúnaðarupplýsingum frá öðrum ríkjum eða alþjóðastofnunum.
- Samhæfing vinnuaðferða innan lögreglu.



Skipulögð glæpastarfsemi - hryðjuverk

- Við mat á aðferðum við afbrot sést, að þær eru hinar sömu við skipulagða glæpastarfsemi annars vegar og hryðjuverkastarfsemi hins vegar.
- Í báðum tilvikum er unnið að því með leynd og í skipulögðum hópum innan eins lands eða margra samtímis að leggja á ráðin um afbrot.
- Sé upplýst um einn hóp sprettur annar í staðinn. Hópurinn refsar þeim, sem vinna með yfirvöldum, af mikilli grimmd.



Heimildir til forvirkra rannsókna

Án dómsúrskurðar

- Skýrslutökur
- Hljóð- og myndupptökur á almannafæri eða opinberum stöðum.
- Haldlagning muna s.s. bréf, símskeyti, tölvubréf.

Með dómsúrskurði

- Rannsókn haldlagðra muna, s.s. bréfa, símskeyta, tölvubréfa.
- Leit í húsum og hirslum.
- Öflun upplýsinga um fjarskipti.
- Hlustun fjarskipta í síma eða tölvu.
- Eftirfararbúnaður.



Hleranir

Dómari verður ávallt að heimila hlerun ef sýnt hefur verið fram á rökstuddan grun um að atferlið ógni eða geti ógnað öryggi borgaranna, stjórnskipaninni, öryggi ríkisins, æðstu stjórnvalda og stofnana.

Heimild er sérgreind og tímabundin.



Skráning upplýsinga

- Forvirkar rannsóknir byggjast á upplýsingaöflun, greiningu og skráningu upplýsinga sem fara leynt.
- Sérstök öryggisvottun starfsmanna.
- Heimilt að varðveita upplýsingar, sem hafa gildi í verkefnum á síðari stigum.
- Miðlun upplýsinga til annarra löggæslustjórnvalda, innlendra og erlendra.
- Upplýsingum skal eytt jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf.



Lýðræðislegt eftirlit

- Yfirstjórn og eftirlit í höndum dómsmálaráðherra.
- Eftirlitsnefnd á vegum löggjafarvalds.



Reynsla Íslendinga

1939 fer nýskipaður lögreglustjóri í Reykjavík,
Agnar Koefod-Hansen í kynnisferð til Danmerkur og Þýskalands.
Yfirlögreglustjóri Dana leggur til, að stofnuð verði
„eftirgrennslanadeild“ - „efterretningstjenste“ – eða
öryggislögregludeild hjá lögreglustjóranum í Reykjavík.
Agnar felur útlendingaeftirlitinu þetta verkefni.



Reynsla – viðbúnaður

- 1932 Gúttóslagurinn – pólitísk átök gegn lögreglu, hún illa leikin.
- 1949 Innganga Íslands í NATO.
- 1951 Koma Dwight D. Eisenhowers – varnarsamningur við Bandaríkin.
- 1961 Landhelgissamningar.
- 1963 Koma Lyndons B. Johnsons.
- 1968 Utanríkisráðherrafundur NATO.



Aðferðir við hleranir

„Hleranir fóru fyrst fram á 2. hæð lögreglustöðvarinnar í Pósthússtræti 3. Nokkrir símar voru settir upp með fjórum til fimm tengingum. Segulbönd voru ekki notuð við hleranir á þessum tíma. Punktað var niður það sem þótti athugunarvert, m.a. nöfn. Heimildarmenn fullyrða að aldrei hafi neitt verið skráð sem varðaði einkahagsmuni þeirra einstaklinga sem voru hleraðir. Í lok hvers dags var síðan metið hvað skipti máli og það varðveitt en hinu eytt. Nokkrir starfsmenn embættis lögreglustjórans í Reykjavík önnuðust hleranir, þ.á.m. sérstakur trúnaðarmaður lögreglustjóra. Sökum manneklu var ekki hlerað að næturlagi.“



Ábending sérfræðinga Evrópusambandsins

- Við embætti ríkislögreglustjóra starfi þjóðaröryggisdeild með forvirkar rannsóknarheimildir.
- Án hennar verður Ísland ekki virkur þátttakandi í evrópsku samstarfi öryggislögreglu.

Skýrsla 29. júní 2006



Kallað á umræður

„Við þurfum að ræða, hvort nauðsynlegt sé að stofna hér leynipjónustu og hvernig það yrði gert, ef um það næðist nægileg pólitísk samstaða. Í þessu efni hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið notið sérfræðilegrar ráðgjafar frá Evrópusambandinu og ég mun beita mér fyrir umræðum um þetta mál.“

Björn Bjarnason, ræða 26. ágúst 2006



Niðurstaða starfshóps um öryggismál

- kynnt í ríkisstjórn 6. október og fulltrúum þingflokka og opinberlega 9. október 2006

- Stofnuð verði öryggis- og greiningarþjónusta hjá embætti ríkislögreglustjóra.
- Unnið verði að sérstökum lögum um starfsemi öryggis- og greiningarþjónustunnar.
- Starfsemi öryggis- og greiningarþjónustu verði háð eftirliti sérstakrar eftirlitsnefndar sem skipuð verði fimm þingmönnum.



Niðurstaða starfshóps um öryggismál frh.

- Byggt verði upp upplýsingakerfi fyrir öryggis- og greiningarþjónustuna og aflað verði heimilda til samkeyrslu gagna í vörslu opinberra aðila.
- Komið verði á formlegu samstarfi við erlendar öryggisþjónustur.



Skýrsla Evrópunefndar

„Í nýlegri skýrslu Evrópunefndar um tengsl Íslands og Evrópusambandsins segir, að Ísland hafi ekki aðgang að samstarfi ESB-ríkjanna í baráttunni gegn hryðjuverkum, utan þess, sem leiðir af Schengen-samstarfinu. Með stofnun sérstakrar öryggis- og greiningarþjónustu lögreglu hérlendis ætti Ísland hins vegar að geta tekið aukinn þátt í samstarfi ESB á þessu sviði, m.a. samstarfi við aðgerðamiðstöð ESB í Brussel (Situation Centre, SITCEN), auk þess að eiga aðild að samtökum landsbundinna öryggisstofnana aðildarríkja Evrópusambandsins, Noregs og Sviss. Einnig væri þá hægt að taka þátt í *Club of Berne*, sem er óformlegur samstarfsvettvangur fyrir yfirmenn frá öryggisstofnunum í Evrópu, en á þeim vettvangi er m.a. rætt um varnir gegn hryðjuverkum. *Club of Berne* er ekki hluti af starfsemi ESB og Noregur og Sviss eiga til að mynda fulltrúa á þeim samstarfsvettvangi.“

Björn Bjarnason, ræða 29. mars 2007



Samráð við réttarfarsnefnd og þingflokka

„Ég hef í samvinnu við réttarfarsnefnd og eftir samráð við fulltrúa þingflokka kannað, hver ætti að vera lögformlegur rammi starfs af þessu tagi. Getum við í því efni hæglega stuðst við reynslu nágrannaþjóða, til dæmis Dana og Norðmanna.“

Björn Bjarnason, ræða 29. mars 2007



Greiningardeild

- 1. janúar 2007 tók greiningardeild ríkislögreglustjóra til starfa.
- Rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.
- Leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.



Hættumat

„Allar upplýsingar og vísbendingar greiningardeildar ríkislögreglustjóra benda til þess að skipulögð glæpastarfsemi færist í vöxt á Íslandi og gerist sífellt fjölbreytilegri. Þetta á ekki síst við um þá starfsemi, sem erlendir glæpahópar er rætur eiga að rekja til Austur-Evrópu, halda uppi hér á landi. Fyrir liggur að austur-evrópskir ríkisborgarar eru „fluttir inn“ hingað til lands ýmist til skemmri dvalar eða lengri í þeim tilgangi einum að fremja afbrot. Vísbendingar eru um að þessi starfsemi sé mun umfangsmeiri en flestir höfðu ætlað.“

Fyrsta opinbera útgáfa á hættumati birt 16. júlí 2008.



Hættumat frh.

„Við hættumat vegna hugsanlegra aðgerða hryðjuverkamanna á Íslandi ber að taka fram að lögreglan býr ekki yfir forvirkum rannsóknarheimildum innan þessa málaflokks og má því ekki safna upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila liggi ekki fyrir rökstuddur grunur um tiltekið afbrot. Möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk eru því ekki þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum. Þessu fylgir einnig að lögreglan hérlendis hefur mun takmarkaðri upplýsingar um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga, sem kunna að fremja hryðjuverk.“



Fíkniefni – skýrsla ríkisendurskoðunar

„Svigrúm yfirvalda til að stunda sértæka eftirgrennslan er takmarkað ef þau hafa ekki heimildir til að beita svokölluðum forvirkum rannsóknaraðferðum (e. *proactive investigation*). Hafi yfirvöld slíkar heimildir mega þau fylgjast með og safna upplýsingum um einstaklinga jafnvel þótt ekki liggi fyrir rökstuddur grunur um brot. Erlendis eru slíkar heimildir yfirleitt bundnar við tilteknar löggæslustofnanir sem háðar eru sérstöku eftirliti.“

Skýrsla ríkisendursk. haust 2007 um ráðstafanir gegn ólöglegum innflutningi fíkniefna



Núverandi staða

- Fulltrúum þingflokka hafa verið kynnt frumvarpsdrög, þar sem lýst er hvernig skipa má þessum málum hér á landi.
- Nefnd á vegum utanríkisráðherra um hættumat hafa einnig verið kynnt þessi frumvarpsdrög.



Álitaefni

- Hvar á að skipa öryggis- og greiningarþjónustu innan lögreglukerfisins?
- Kínamúr á milli löggæslu og öryggisþjónustu.



Lokaorð

- Óhjákvæmilegt er að ræða þessi mál og komast að niðurstöðu.
- Ábyrgðarlaust að láta eins og „þetta gerist aldrei hér“.
- Frumskylda stjórnvalda að vekja máls á viðfangsefninu.